187 Gæludýratrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

SAMEIGINLEGIR SKILMÁLAR.

1. Hið vátryggða og þeir sem eru vátryggðir.

1.1 Hið vátryggða er það gæludýr sem tilgreint er í vátryggingarskírteini og lýst er nánar í beiðni um vátrygginguna.

1.2. Vátryggingartaki er vátryggður. Veðhafar eða aðrir sem njóta óbeinna eignaréttinda njóta ekki vátryggingarverndar nema sérstaklega sé um það samið við félagið.

2. Vátryggingarsvið.

2.1 Vátryggingarsamningurinn getur innifalið eina eða fleiri eftirtalinna vátrygginga, eftir því sem fram kemur í vátryggingarskírteini:

a. sjúkrakostnaðartrygging,
b. líf- og heilsutrygging,
c. ábyrgðartrygging,
d. gæslutrygging.

3. Vátryggingarfjárhæðir.

3.1 Vátryggingarfjárhæðir koma fram í vátryggingarskírteini.

4. Vísitala.

4.1 Vátryggingarfjárhæðir og eigin áhættur sem fram koma í vátryggingarskírteini fylgja vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og breytast þær einu sinni á ári við endurnýjun. Tjón eru bætt samkvæmt vátryggingarfjárhæð á tjónsdegi.

5. Gildistími, endurnýjun og uppsögn.

5.1 Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þegar tímabilinu lýkur framlengist vátryggingin um eitt ár í senn nema vátryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. (samkvæmt) gr. (grein) 7.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins.

5.2 Vátryggingin, eða einstakir hlutar hennar, endurnýjast þó ekki þegar hámarksaldri gæludýrsins er náð samkvæmt því sem tilgreint er í vátryggingarskírteini. Fellur vátryggingin þá niður án þess að send sé sérstök tilkynning þar að lútandi.

5.3 Nú hefur vátryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og vátryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar vátryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja vátryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af vátryggingartímabilinu.

6. Landfræðileg mörk.

6.1 Vátryggingin gildir aðeins á Íslandi. Vátryggingin gildir þó ekki meðan á dvöl dýrsins stendur í einangrunarstöð eða sambærilegri stofnun.

7. Greiðsla iðgjalds.

7.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar vátryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir vátryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.

187 Gæludýratrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

7.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. (málsgrein) er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun, þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, ella fellur vátryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.

7.3 Hafi vátryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.

7.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang vátryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.

7.5 Falli vátrygging niður skv. 2. mgr. skal vátryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem vátryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.

7.6 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

8. Iðgjaldsbreytingar.

8.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna er reiknað eftir iðgjaldaskrá félagsins. Félagið áskilur sér rétt til að ákveða endurnýjunargjald samkvæmt nýrri iðgjaldaskrá með hliðsjón af almennri áhættubreytingu eða öðrum orsökum sem raska iðgjalda- eða bótagrundvelli. Slíkar breytingar veita ekki rétt til uppsagnar.

9. Tjónsuppgjör.

9.1 Reikningar sem eru grundvöllur bótagreiðslna skulu vera gefnir út af dýralækni, dýralæknastofu eða dýraspítala. Þeir skulu vera vel sundurliðaðir og skýrt skal koma fram vegna hvaða dýrs kostnaðurinn er, þ.e. (það er) tegund dýrs og litur, ásamt auðkennum sem dýrið ber, svo sem nafn, númer, skráningarnúmer, kísilflögu- eða húðflúrnúmer, allt eftir því sem við á.

10. Tjónstilvik.

10.1 Hvert einstakt slys eða sjúkdómur sem upp kemur kallast eitt tjónstilvik, þótt afleiðingar standi yfir í langan tíma, jafnvel lengur en eitt ár.

11. Slys.

11.1 Með orðinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á gæludýrinu og gerist án vilja þess sem annast það.

12. Sjúkdómur.

12.1 Með orðinu sjúkdómur er átt við að gæludýrið veikist af þekktum og skilgreindum gæludýrasjúkdómi sem ekki er sérstaklega undanskilinn í skilmálunum.

13. Læknismeðferð.

13.1 Læknismeðferð og allar læknisaðgerðir á dýrinu, sem tengjast bótaskyldum tjónum, skulu ákveðnar og framkvæmdar af dýralækni, dýralæknastofu eða dýraspítala.

14. Varúðarreglur.

14.1 Umhirða gæludýrsins, vistarverur og fóðrun, skal vera í samræmi við ákvæði laga um velferð dýra, nú laga nr. (númer) 55/2013, og annarra laga, reglugerða og stjórnvaldsfyrirmæla sem við eiga

14.2 Gæludýrið skal bólusett fyrir þeim sjúkdómum og sýkingum sem dýralæknar ráðleggja auk þeirra árlegu bólusetninga sem eru skilyrtar í leyfum fyrir viðkomandi dýrahaldi.

14.3 Til að tryggja heilbrigði hunda og katta skal ormahreinsa dýrin eftir ráðleggingum dýralækna, að lágmarki 1-2 sinnum á ári, hvolpa og kettlinga jafnvel oftar

14.4 Jafnframt ber vátryggingartaka að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að draga úr afleiðingum veikinda eða áverka á dýrinu. Vátryggingartaki skal hafa samband við dýralækni eins fljótt og auðið er, ef gæludýrið sýnir merki um lasleika eða þyngdartap. Einnig skal hafa tafarlaust samband við dýralækni hraki heilsu

187 Gæludýratrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

gæludýrsins meðan á meðferð stendur. Fylgja skal fyrirmælum dýralæknis á meðan gæludýrið er í meðferð hjá honum vegna sjúkdóms eða slyss.

14.5 Ef feldur dýra krefst sérstakrar meðferðar, loftslags, rakastigs eða hefur aðrar sérstakar þarfir eða þolir ekki venjulega umhirðu, skal vátryggingartaki bera ábyrgð á að þess sé gætt.

14.6 Brot gegn framangreindum varúðarreglum getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.

15. Tilkynning um tjón.

15.1 Tjón skal tilkynna félaginu svo fljótt sem verða má. Vanræksla á tilkynningarskyldu getur varðað lækkun eða missi bóta.

15.2 Vátryggður skal samhliða almennum læknisráðstöfunum gera það sem nauðsynlegt er til að sanna að vátryggingaratburðurinn hafi orðið, þ. á m. að tilkynna dýralækni um veikindi og áverka og láta hann skoða dýrið til staðfestingar. Lögreglu skal tilkynnt um þjófnað og aðra ólögmæta atburði sem varða heilsu og líf dýrsins

16. Ásetningur og stórkostlegt gáleysi.

16.1. Valdi vátryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi, og sé um að ræða aðra vátryggingu en ábyrgðartryggingu, er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

17. Svik og rangar upplýsingar.

17.1. Hafi vátryggingartaki við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og vátryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. (samanber) 20. gr. vátryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja vátryggingunni upp, sbr. 21. gr. laganna.

17.2. Veiti vátryggður við uppgjör bóta af ásetningi rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan eins og nánar greinir í 47. gr. vátryggingarsamningalaga.

18. Vátrygging hjá öðru félagi.

18.1 Þegar tjón hefur orðið og í gildi er önnur vátrygging sem tekur til tjónsins, skal uppgjör bóta fara fram eftir því sem mælt er fyrir um í 37. gr. vátryggingarsamningalaga.

19. Takmörkun á gildissviði vátryggingarinnar.

19.1. Vátryggingin tekur ekki til tjóns sem hljótast við eftirtalin atvik:

a. stríð, óeirðir, uppþot, verkfallsaðgerðir eða aðra sambærilega atburði,
b. tjón sem hljótast af völdum kjarnorku, jónandi geislunar eða geislavirkra efna,
c. eldgos, jarðskjálfta, skriðuföll, snjóflóð, vatnsflóð og aðrar náttúruhamfarir,
d. hvers konar líffræðileg eða efnafræðileg áhrif og/eða eitrun, þ.m.t. (þar með talið) vegna sýkla og veira, sem hljótast af völdum hryðjuverka.

20. Endurkröfuréttur.

20.1 Eigi vátryggður fébótakröfu á hendur þriðja manni vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur. Félagið fær þó ekki slíkan endurkröfurétt á hendur fjölskyldu vátryggingartaka, nema þessir aðilar hafi valdið tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

21. Lög um vátryggingarsamninga.

21.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

187 Gæludýratrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

22. Greiðsla bóta og vextir.

22.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Vátryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. vátryggingarsamningalaga.

23. Lausn ágreiningsmála, heimili og varnarþing.

23.1 Ágreiningi varðandi vátryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.

23.2 Þrátt fyrir úrræði 1. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af vátryggingunni á heimilisvarnarþingi vátryggingartaka.

23.3 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

SJÚKRAKOSTNAÐARTRYGGING.

24. Gildissvið og vátryggingarfjárhæð.

24.1 Vátryggingin bætir nauðsynlegan og ófyrirséðan lækniskostnað sem er bein afleiðing af slysum og sjúkdómum gæludýrsins eins og nánar er tilgreint í 25. gr. enda sé hann ekki undanskilinn sbr. 26. gr.

24.2 Vátryggingarfjárhæð, sem er hámarksbætur á hverju vátryggingartímabili, kemur fram í vátryggingarskírteini.

24.3 Sjúkrakostnaðartrygging fellur niður og endurnýjast ekki í lok þess vátryggingartímabils sem vátryggður hundur hefur náð 10 ára aldri og vátryggður köttur 13 ára aldri.

25. Lækniskostnaður.

25.1 Lækniskostnaður telst vera:

a. greiðslur til dýralækna, dýralæknastofa og dýraspítala vegna skoðunar og meðferðar vegna sjúkdóms eða slyss,
b. lyf sem dýralæknar, dýralæknastofur eða dýraspítali afhenda eða ávísa vegna sjúkdóma eða slysa,
c. rannsóknir, svo sem röntgenmyndir, línurit og rannsóknir á vefjum og öðrum sýnum,
d. keisaraskurður sem talinn er læknisfræðilega nauðsynlegur að áliti dýralæknis, þó greiðir félagið aldrei meira en tvo keisaraskurði vegna hvers dýrs.

25.2 Hámarksbætur vegna rannsókna, skv.c-lið í 1. mgr. eru 25% vátryggingarfjárhæðarinnar á hverju vátryggingartímabili.

26. Kostnaður sem ekki bætist.

26.1 Ekki er bættur kostnaður vegna:

a. meðferðar vegna slysa eða sjúkdóma sem hafa komið upp áður en vátryggingin gekk í gildi, né sjúkdóma sem upp koma innan 14 daga frá gildistöku vátryggingarinnar,
b. meðfæddra og arfgengra kvilla eða sjúkdóma,
c. keisaraskurðar hafi dýr gengið með þau afkvæmi, sem tekin eru með keisaraskurðinum, þegar vátryggingin tók gildi,
d. keisaraskurða vegna hunda af tegundinni Boston terrier, enskur bulldog og franskur bulldog,
e. rannsókna eða meðferðar í forvarnarskyni,
f. geldinga eða ófrjósemisaðgerða,
g. tannhirðu, tannviðgerða (annarra en vegna slysa), eða tannholdssjúkdóma, galla í tönnum eða biti,
h. fegrunaraðgerða,
i. baða eða meðferðar til að fyrirbyggja eða lækna afleiðingar óværu eða orma,
j. fóðurs, fæðubótarefna, heilsu- og hreinlætisvara og eða annarra sambærilegra vara,
k. vottorða og lyfseðla dýralækna, dýralæknastofa eða dýraspítala, nema þeirra sé sérstaklega óskað af félaginu.
l. aukaálags vegna dýralæknisvitjunar að nóttu, kvöldi eða á almennum frídegi, nema vegna slysa, meiðsla, skyndilegra sjúkdóma eða veikinda sem orðið hafa á slíkum tíma eða rétt fyrir hann,

187 Gæludýratrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

m. flutnings í tengslum við læknisvitjun eða innlögn,
n. skoðunar og meðferðar í tengslum við meðgöngu og fæðingar afkvæma,
o. afbrigðilegs vaxtar svo sem á mjaðmaliðum (mjaðmaloss og liðbólgu í mjaðmalið) og olnboga (olnbogaloss og liðbólgu í olnboga),
p. naflakviðslits (umbilical hernia) eða launeista (cryptorchidism),
q. geðsjúkdóma, atferlisbrests s.s. (svo sem) árásargirni, skapgerðargalla eða annarra geðrænna einkenna,
r. skýs á augasteini (cataract),
s. smáveirusýking í hundi nema hann hafi verið bólusettur á síðustu tólf mánuðum áður en sýkingin hófst. Þó er miðað við 24 mánuði ef lifandi bólefni var notað,
t. smitandi lifrarbólgu (Hepatitis Contagiosa Canis, HCC),
u. hundafárs (canine distemper) eða kattafárs (feline parvovirus infection) nema kötturinn hafi verið bólusettur á síðustu tólf mánuðum áður en sýkingin hófst,
v. vegna slyss sem rekja má beint eða óbeint til þess að dýrið hafi verið bundið við vélknúið ökutæki, hafi verið flutt óvarið í opnu rými vélknúins ökutækis eða tengitækis eða yfirgefið í ökutæki.

27. Eigin áhætta vátryggðs.

27.1 Eigin áhætta vátryggðs í hverju tjónstilviki kemur fram í vátryggingarskírteini.

LÍFTRYGGING.

28. Gildissvið.

28.1 Vátryggingarfjárhæð sú er fram kemur í vátryggingarskírteini er greidd þegar dýrið deyr af slysi eða sjúkdómum, eða aflífa verður dýrið samkvæmt úrskurði dýralæknis vegna þessara atvika.

28.2 Bætur eru einnig greiddar að fullu fyrir tapað dýr, þ.e. (það er) ef dýrið týnist og snýr ekki aftur eða því er stolið. Dýrið telst tapað ef það er ekki komið fram innan tveggja mánaða frá því að leit hófst, þrátt fyrir eðlilega eftirgrennslan vátryggingartaka, leitaraðgerðir og auglýsingar hans. Taki félagið þátt í kostnaði við auglýsingar eftir týndum gæludýrum dregst birtingarkostnaður þeirra frá bótum, komi til uppgjörs. Eigin áhætta vátryggingartaka skv. þessum bótalið er 25%.

28.3 Við endurnýjun á því almanaksári sem hundur verður 7 ára gamall og köttur 10 ára gamall lækkar vátryggingarfjárhæðin um 25%. Líftryggingin fellur svo niður og endurnýjast ekki á því almanaksári sem hundur verður 8 ára og köttur 11 ára, sbr. þó gr. 32.3.

29. Takmarkanir á gildissviði.

29.1 Ekki er bætt tjón vegna dauða eða aflífunar dýrs sem rekja má til:
a. atvika sem hafa komið upp áður en vátryggingin gekk í gildi, svo og sjúkdóma sem upp koma innan 30 daga frá gildistöku vátryggingarinnar,
b. arfgengra eða meðfæddra sjúkdóma og kvilla,
c. geðsjúkdóma, atferlisbrests s.s. árásargirni, skapgerðargalla eða annarra geðrænna einkenna,
d. afbrigðilegs vaxtar svo sem á mjaðmaliðum (mjaðmaloss og liðbólgu í mjaðmalið) og olnboga (olnbogaloss og liðbólgu í olnboga),
e. aldurstengdra sjúkdóma og hrörnunarsjúkdóma,
f. boðs yfirvalda eða annarra sambærilegra ráðstafana,
g. smáveirusýking í hundi nema hann hafi verið bólusettur á síðustu tólf mánuðum áður en sýkingin hófst. Þó er miðað við 24 mánuði ef lifandi bólefni var notað,
h. smitandi lifrarbólgu (Hepatitis Contagiosa Canis, HCC),
i. hundafárs (canine distemper) eða kattafárs (feline parvovirus infection) nema kötturinn hafi verið bólusettur á síðustu tólf mánuðum áður en sýkingin hófst,
j. slyss sem rekja má beint eða óbeint til þess að dýrið hafi verið bundið við vélknúið ökutæki, hafi verið flutt óvarið í opnu rými vélknúins ökutækis eða tengitækis eða yfirgefið í ökutæki,
k. aflífunar af öðrum orsökum en þeim sem bótaskyldar eru samkvæmt vátryggingunni, t.d. (til dæmis) ofnæmis vátryggingartaka eða annarra.

187 Gæludýratrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

29.2 Þá tekur vátryggingin ekki til kostnaðar sem hlýst við dauða eða aflífunar dýrsins, s.s. kostnaðar við svæfingu, greftrun, og/eða brennslu eða annars kostnaðar við að losa eiganda við dýrið.

HEILSUTRYGGING.

30. Gildissvið.

30.1 Hafi dýrið sérstaka náttúrulega eiginleika eða þjálfað notagildi sem vátryggðir hafa verið sérstaklega og tilgreindir eru í vátryggingarskírteini, greiðir félagið bætur ef bótaskylt slys eða sjúkdómur rýrir dýrið þessum eiginleikum eða notagildi með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í þessum kafla skilmálanna.

30.2 Félagið greiðir bætur vegna þjálfaðs notagildis hunds ef hundurinn hefur sannanlega tapað til frambúðar hinu þjálfaða notagildi sínu af völdum bótaskylds slyss eða sjúkdóms. Hvort tveggja skal staðfest með vottorði dýralæknis. Þá skal vátryggingartaki jafnframt leggja fram staðfestingu, frá sama eða sambærilegum aðila og staðfesti hið sérstaka notagildi við töku vátryggingarinnar, um að hundurinn hafi búið yfir hinu þjálfað notgildi og verið notaður sem slíkur þar til tjónsatburður átti sér stað.

30.3 Félagið greiðir bætur vegna ræktunardýrs ef dýralæknir staðfestir í tilviki karldýrs að tvær sæðisfrumutalningar með sex mánaða millibili sýndu að karldýrið væri ófrjótt en í tilviki kvendýrs að það verði ekki hvolpafullt/kettlingafullt eftir mökun við tvö karldýr sem bæði eru frjósöm og hafa þegar getið af sér afkvæmi. Rannsaka skal kvendýrið til að útiloka að um skammvinnt sjúkdómsástand sé að ræða. Bætur greiðast því aðeins að vátryggingartaki leggi fram ættbók sem sýnir fram á hreinræktun og að dýrið uppfylli þau skilyrði sem þarf til þess að ræktun sé viðurkennd hvort tveggja frá sama eða sambærilegum skráningaraðila og við töku vátryggingarinnar.

31. Takmarkanir á gildissviði.

31.1 Ekki eru bætt tjón sem rekja má til:

a. atvika sem hafa komið upp áður en vátryggingin gekk í gildi, svo og sjúkdóma sem upp koma innan 30 daga frá gildistöku vátryggingarinnar,
b. arfgengra eða meðfæddra sjúkdóma og kvilla,
c. geðsjúkdóma, atferlisbrests s.s. árásargirni, skapgerðargalla eða annarra geðrænna einkenna,
d. afbrigðilegs vaxtar svo sem á mjaðmaliðum (mjaðmaloss og liðbólgu í mjaðmalið) og olnboga (olnbogaloss og liðbólgu í olnboga),
e. aldurstengdra sjúkdóma og hrörnunarsjúkdóma,
f. boðs yfirvalda eða annarra sambærilegra ráðstafana,
g. smáveirusýking í hundi nema hann hafi verið bólusettur á síðustu tólf mánuðum áður en sýkingin hófst. Þó er miðað við 24 mánuði ef lifandi bólefni var notað,
h. smitandi lifrarbólgu (Hepatitis Contagiosa Canis, HCC),
i. hundafárs (canine distemper) eða kattafárs (feline parvovirus infection) nema kötturinn hafi verið bólusettur á síðustu tólf mánuðum áður en sýkingin hófst,
j. slyss sem rekja má beint eða óbeint til þess að dýrið hafi verið bundið við vélknúið ökutæki, hafi verið flutt óvarið í opnu rými vélknúins ökutækis eða tengitækis eða yfirgefið í ökutæki.

31.2 Félagið greiðir ekki bætur í tilviki ræktunardýrs þegar dýrið hefur náð sex ára aldri og hefur aldrei eignast eða getið af sér afkvæmi. Ekki eru greiddar bætur hafi tík eða læða þrisvar áður átt afkvæmi.

32. Ákvörðun bóta.

32.1 Við ákvörðun bóta er miðað við aldur dýrs. Þegar dýr hefur náð tilteknum aldri er hlutfall bóta af vátryggingarfjárhæð eftirfarandi:

Aldur dýrs	**Hlutfall bóta af vátryggingarfjárhæð**
0-3ja ára	70%
4-5 ára	50%
6-7 ára	25%

32.2 Félagið greiðir bætur í samræmi við 1. mgr. þó að hámarki vátryggingarverðmæti gæludýrsins sem skal vera markaðsvirði þess þegar vátryggingaratburður varð. Upphæð vátryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti gæludýrsins.

187 Gæludýratrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

32.3 Við uppgjör tjóns skv. þessu ákvæði fellur líf- og heilsutryggingin niður og endurnýjast ekki aftur vegna sama dýrs án sérstakrar tilkynningar af hálfu félagsins.

33. Lækkun vátryggingarfjárhæðar og lok vátryggingarinnar.

33.1 Við endurnýjun á því almanaksári sem hundur verður 7 ára gamall og köttur 10 ára gamall lækkar vátryggingarfjárhæðin um 25%. Heilsutryggingin fellur svo niður og endurnýjast ekki á því almanaksári sem hundur verður 8 ára og köttur 11 ára, sbr. þó gr. 32.3.

ÁBYRGÐARTRYGGING.

34. Gildissvið.

34.1 Vátryggt er gegn þeirri skaðabótaskyldu sem fellur á vátryggðan sem eiganda hins vátryggða gæludýrs vegna líkamstjóns eða skemmda á munum, enda sé skaðabótaskyldan ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

35. Tjón sem ekki bætast.

35.1 Ekki eru bætt tjón:

a. sem fjölskylda og skyldulið á heimili vátryggingartaka verður fyrir, sama á við um fjölskyldu þess sem heldur dýrið, hefur það í gæslu eða heimsókn hverju sinni,
b. á munum sem þeir aðilar, sem tilgreindir eru í a. lið, hafa að láni, til leigu, til geymslu eða eru í þeirra vörslum af öðrum ástæðum, þ.m.t. munum sem teknir hafa verið í heimildarleysi,
c. sem rekja má til þess að dýrið uppfyllir ekki væntingar í leik eða starfi, hvort sem um er að ræða andlegt eða líkamlegt atgervi, eða verður á mistök við starfa sinn t.d. tengdan gæslu eða leiðsögn,
d. sem rekja má til þess að ekki er farið eftir lögum og reglum t.d. um hundahald, bann við dýrahaldi, lausagöngu dýra, merkingar katta eða öðrum settum reglum.

36. Eigin áhætta vátryggðs.

36.1 Eigin áhætta vátryggðs í hverju tjónstilviki kemur fram í vátryggingarskírteini.

37. Vátryggingarfjárhæð.

37.1 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks tjónstilviks takmarkast við vátryggingarfjárhæð þá sem tilgreind er í vátryggingarskírteini. Ábyrgð vegna allra tjónstilvika innan hvers vátryggingartímabils takmarkast einnig við sömu vátryggingarfjárhæð.

37.2 Félagið greiðir kostnað sem eðlilegt er að vátryggingartaki stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr vátryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti sem vátryggingartaki er dæmdur til að greiða af skaðabótakröfu sem vátryggingin tekur til.

37.3 Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en dæmdar skaðabætur er félaginu þó aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem því ber að greiða.

38. Samningar við tjónþola.

38.1 TM Tryggingar á allan rétt til að annast samninga við tjónþola (þann sem kröfu gerir á hendur vátryggðum) og eftir atvikum að annast málsvörn. Kostnaðinn greiðir félagið, sbr. gr. 37.2 og 37.3.

GÆSLUTRYGGING.

39. Gildissvið.

39.1 Greiddur er kostnaður við vistun og gæslu dýrsins á viðurkenndu dýrahóteli, ef umsjónarmaður þess, sem skráður er í vátryggingarskírteini, þarf óvænt að dvelja á sjúkrahúsi lengur en í þrjá daga vegna slyss eða skyndilegra veikinda.

39.2 Hámarksbætur á sólarhring koma fram á vátryggingarskírteini og hámarkstími, sem greitt er fyrir á hverjum 12 mánuðum, er 60 dagar.

187 Gæludýratrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

40. Tjón sem ekki bætast.

40.1 Ekki eru bætt tjón:

a. ef sjúkrahúsdvölin er vegna atvika sem gerðurst áður en vátryggingin gekk í gildi,
b. vegna langvinnra veikinda sem áður hafa orsakað dvöl á sjúkrahúsi,
c. vegna meðgöngu, barnsfæðinga eða tengdra atvika,
d. ef orsök veikinda er misnotkun áfengis eða lyfja, tilraun til sjálfsvigs eða áverkar sem umsjónarmaður dýrsins veitir sér sjálfur.

Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til vátryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við vátryggingarsvikum og ofgreiðslu vátryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund vátryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins vátryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 15. janúar 2019.